

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

124. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 5. október kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá.

1. Viðræður við skólastjóra leikskóla.
2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Leikskólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2011-2012. Og var það samþykkt.
2. Rætt um lokun leikskólans þann 3.október. Fræðsluráð vill vekja athygli leikskólastjóra á að starfsáætlun leikskóla sem og breytingar á henni skulu staðfestar af fræðsluráði skv. 3. mgr. 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Fræðsluráð mælist til þess að leikskólinn sé ekki lokaður umfram þá starfsdaga sem samþykktir eru fyrir hvert skólaár, fyrir utan lokun vegna sumarleyfa og óviðráðanlegra aðstæðna s.s. jarðarfara o.þ.h. enda er í þeim tilfellum um kjarasamningsbundinn rétt starfsmanna að ræða. Leikskólastjóri greindi frá því að um var að ræða landshlutfund Landverndar vegna grænánaverkefnisins sem leikskólinn var beðinn um að halda, vegna góðrar framgöngu þeirra í verkefninu. Einnig kom fram að fyrirvarinn að fundinum hefði verið stuttur og fordæmi eru fyrir því í leikskólanum að svona ákvarðanir hafi verið teknar. Leikskólastjóri mun í framhaldi af þessu hefja viðræður við fræðsluráð um að sveigjanleiki þurfi að vera í skóladagatali.
3. Rætt var um að verkefnið Barn í brennidepli væri ekki komið af stað, rætt um að athuga hvort skólavogin henti sem matstæki fyrir leikskóla.
4. Leikskólastjóri kynnti samninginn sem gerður var við Sprotasjóð vegna þróunarverkefnis Leikur er barna yndi og sagði frá því að verkefnið væri komið af stað.
5. Skólastjóri kynnti niðurstöður könnunar sem gerð var meðal kennara um fjölbreytileika kennsluáferða við skólann. Skólastjóri kynnti stefnu skólans um heimavinnu/heimavinnuáætlun sem verður kynnt á almennum foreldrafundi þann 13.október.
6. Skólastjóri kynnti niðurstöður könnunar sem send var foreldrum vegna seinkunar skólabíla og nýtingu á gæslu, heimavinnuástoð og hvíld. Fræðsluráð mælir með að núverandi fyrirkomulagi verði haldið áfram og leitað verði leiða til að nýta þá daga sem seinkun er á akstri sem best til íþróttar og tómstundastarfa.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sitja fundinn sem fulltrúar starfsfólks grunnskóla Jóhanna Helga Sigtryggisdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólans og Ína Björk Ársælsdóttir situr fundinn fyrir hönd foreldra leikskólabarna.

Fundargerð upplesin og samþykkt  
Rakel Runólfssdóttir(sign.),  
Gísli G.Magnússon(sign.),

Fundi slitið kl: 17:00.  
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),  
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.).

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),